

**FYLGISEÐILL**  
**Depomycin vet., stungulyf, dreifa**

**1. HEITI OG HEIMILISFANG HANDHAFA MARKAÐSLEYFIS OG ÞESS  
FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT, EF ANNAR**

Markaðsleyfishafi

Intervet International B.V.  
Wim de Körverstraat 35  
N-5831 AN Boxmeer  
Holland

Framleiðandi sem sér um lokasamþykkt

Intervet Productions S.r.l.  
Via Nettunese Km 20,300  
04011 Aprilia  
Ítalía

**2. HEITI DÝRALYFS**

Depomycine, vet. stungulyf, dreifa

**3. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI**

Virk innihaldsefni: 1 ml inniheldur 200 mg (200.000 a.e.) af prókaín benzýlpenicillíni og 200 mg af díhýdróstreptómýcíni sem súlfat.

Önnur innihaldsefni. Natríum cítrat dehydrat, natríum formaldehúð súlfoxýlat, metýlparahýdroxýbenzóat, lecitín, vatn fyrir stungulyf.

**4. ÁBENDINGAR**

Sýkingar af völdum Gram-jákvæðra og Gram-neikvæðra baktería.

**5. FRÁBENDINGAR**

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir penicillíni, (díhýdró)streptómýcíni eða einhverju hjálparefnanna. Lyfið á ekki að nota við sýkingum með  $\beta$ -laktamasamyndandi stafýlókokkum.

**6. AUKAVERKANIR**

Ofnæmi hafa í einstaka tilviki komið fram. Eituráhrifum á heyrnataug hefur verið lýst. Gerið dýralækni viðvart ef vart verður alvarlegra aukaverkana eða aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum.

**7. DÝRATEGUND(IR)**

Hross, nautgripir, svín, sauðfé, hundar, kettir.

## **8. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND, ÍKOMULEIÐ(IR) OG AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF**

*Hross, nautgripir, svín, sauðfé:* 1 ml/25 kg líkamspunga á sólarhring, gefið í vöðva.  
*Grísir, hundar, kettir:* 0,1 ml/1-2 kg líkamspunga á sólarhring, gefið í vöðva.

## **9. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF**

Lyfið á að gefa í vöðva.

## **10. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU**

Kjöt og innmatur: 60 sólarhringar eftir síðustu lyfjagjöf.

Kúamjólk: 3 sólarhringar eftir síðustu lyfjagjöf.

Dýralyfið má ekki gefa hrossum séu sláturafurðir nýttar til manneldis. Dýralyfið má ekki gefa mjólkandi ám sé mjólkkin nýtt til manneldis

## **11. GEYMSLUSKILYRÐI**

Geymið í kæli (2°C-8°C). Má ekki frjósa. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

## **12. SÉRSTÖK VARNADARORÐ**

Þegar meðferð er endurtekin á ekki að nota sama inndælingarstað tvisvar.

Þeir sem eru með ofnæmi fyrir penicillíni eða (díhýdró-)streptómýcíní eiga að forðast að lyfið komist í snertingu við húð. Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysi, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

## **13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA LYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á**

Ekki má fleygja lyfjum í skólplagnir eða heimilissorp. Leitið ráða hjá dýralækni um hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þetta er gert til þess að vernda umhverfið.

## **14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMÞYKKTAR FYLGISEÐILSINS**

30. nóvember 2012.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

## **15. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Pakknigastærð: Hettuglas 100 ml.

Ef óskað er upplýsinga um þetta dýralyf, vinsamlegast hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa:  
Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabær.